

5. gr.

Hlutabréf í félaginu, útgefin í tengslum við stofnun þess, skulu undanþegin stimpilgjöldum.

Matsverð þeirra fyrnanlegu eigna, sem félagið yfirtekur frá Ríkismati sjávarafurða skv. 1. gr., telst fyrningargrunnur eiðna, sbr. lög nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

6. gr.

Stofnfund nýja hlutafélagsins skal halda fyrir lok desembermánaðar 1992 og skal félagið taka til starfa 1. janúar 1993. Á stofnfundinum skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið.

7. gr.

Sjávarútvegsráðherra annast fyrir hönd ríkisstjórnarinnar undirbúning að stofnun félagsins, þar með talda skipan matsnefndar, sbr. 1. gr.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 24. nóvember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 36 27. maí 1992, um Fiskistofu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. másl. 2. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Þá skal Fiskistofa hafa með hendi eftirlit með meðferð fisks og framleiðslu sjávarafurða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993.

Gjört í Reykjavík, 20. nóvember 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.